

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



SAMTÖK MILLIRÍKJA-
VERSLUNAR, HEILD-
SÖLU- OG SMÁSÖLU-
DREIFINGAR

Alþingi

Erindi nr. Þ 128/435

komudagur 3. 12. 2002

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 03.12.2002

Tilv. 02.109

GÁS/gás

Samtök verslunarinnar leyfa sér hér með að gera athugasemdir við frumvarp til laga um úrvinnslugjald, mál nr. 337, sem er til umfjöllunar í hæstvirkri umhverfisnefnd Alþingis.


Samtök verslunarinnar eru hagsmunasamtök fyrirtækja sem stunda innflutning, útflutning, heildsölu-dreifingu og smásölu og getur frumvarp þetta, verði það að lögum, hafa töluverð áhrif á starfsemi margra þeirra. Í ljósi þess vilja samtökin koma eftirfarandi á framfæri.

Samtökin er því eindregið fylgjandi að sett séu skýr markmið um umhverfisvernd og er förgun úrgangs. Það verður hins að gera á skynsaman hátt og má ekki leggja endalausar álögur á fyrirtæki í þessu skyni. Það er ljóst að verði frumvarp þetta óbreytt að lögum mun það hafa áhrif á verð þeirra vara sem úrvinnslugjald mun leggjast á. Þá verður hér einnig um að ræða töluverða fjárbindingu hjá innflutningsfyrirtækjum sem gert verður að greiða gjaldið í tolli. Því verður að fara varlega þegar gjöld sem þessi eru ákvörðuð og leitast við að þau standi einungis undir þeim kostnaði sem hlýst af eyðinu úrgangs.

Varðandi þá tillögu sem gerð er í frumvarpinu um skipan stjórnar úrvinnslusjóðs vekur það furðu að Samtök verslunarinnar sem er málssvari innflutnings- og heildsölu-fyrirtækja skuli ekki ætlað sæti í stjórn sjóðsins. Telja samtökin að hér hljóti að vera um að ræða mistök og mælast því til þess að hæstvirk umhverfisnefnd leggi til breytingu til leiðréttingar á þessum mistökum.

Að lokum lýsa samtökin sig reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt


Guðrún Asta Sigurðardóttir hdl.